

## Fundur í skólaráði 17. Janúar.

Mættir voru: Stefán húsvörður, Júlíus, Guðrún, Stefán, Grazyna og undirritaður.

Dagskrá:

1. Farið yfir síðustu fundargerð
2. Kynning á Handbók foreldrafélaga grunnskóla.
3. Önnur mál

Guðrún skólastjóri afhendi til umsagnar og kynningar bæklinginn „Handbók foreldrafélaga grunnskóla“ . Einnig benti hún fundarmönnum að hægt væri að finna handbókina á heimasíðu skólans.

Guðrún viðraði hugmynd um skólaping sem haldið yrði í skólanum með þátttöku , kennara, starfsfóki, nemendum og foreldrum. Efni þingsins yrði „Skólinn og starfsemi hans“. Hún sagði að „Lýðræðisteymi „ hópur kennara, væri tilbúinn að undirbúa þingið. Guðrún sagði frá þátttöku sinni á svipuðu þingi, nemendaþingi sem hún sagði hafa verið jákvæða. Fundarmenn sýndu þessu efni áhuga og hefðu hug á að fá frekari upplýsingar teymisins um framkvæmd þingsins. Nefndarmenn voru sammála því að á slíku þingi hefði fjölþjóðaþáttur skólans mikið vægi.

Guðrún spurði Stefán, nemendafulltrúa, fréttu af nemendum og hvað hann allt í stakasta lagi eftir því sem hann vissi best.

Rætt var um notkun endurskins nemenda. Ákveðið var að biðja kennara um að hvetja nemendur til frekari notkunar endurskins.

Fleira ekki gert og því fundi slitið

Ingólfur H. Matthíasson.